

smartwebber

Netverslun


Upplýsingabæklingur

Efnisyfirlit

Netverslun.....	1
Upplýsingabæklingur	1
Áður en haldið er af stað:	2
Stofnun Vörflokka	4
Eiginleikaflokkar	6
Eiginleikar.....	7
Að setja vöru í vörukerfið.....	8
Yfirlit yfir vörurnar.....	10

Áður en haldið er af stað:

SmartWebber netverslunarkerfið er nýtt og öflug vefumsjónakerfi og getur notandinn á auðveldan hátt verið verslunar- og vefstjóri á sínum eigin vef. Kerfið er að hluta til byggt upp eins og Word en í báðum kerfum eru takkar sem gera það sama og hafa sama útlit þannig að notandinn þarf því ekki að skipta frá vinnu umhverfi sem hann þekkir fyrir.

Eitt sem er mikilvægt að vita áður en haldið er af stað er að ef notuð er aðferðin copy/paste frá word eða úr vefsíðum til að setja texta inn í SmartWebber þá er nauðsynlegt að afkóða textann áður. Það er gert á einfaldan hátt með því að smella á þenna takka  og pasta efninu þar inn. Eftir það birtist efnið í þeirri stærð/lit og fonti eins og síðan er stillt á.

ATH ekki er ráðlagt að hlaða inn stórum myndum, best er að minnka þær niður í 800 pixla áður en þær eru settar inn, ef að myndir eru of stórar er líklegt að síðan birti þær ekki + að það hægir á síðunni ef að fólk vill skoða myndirnar. Til að minnka myndir á einfaldan og þægilegan hátt er hægt að ná í ókeypis forrit sem heitir Picasa, <http://picasa.google.com/> þar er hægt að minnka eins margar myndir og þú vilt með einni aðgerð (valið er export og stærð myndar stillt).

Ef að þið lendið í einhverjum vandræðum ekki hika við að hafa samband í netfangið


info@smartmedia.is eða hringja í 588-4100

Vörukerfi

Vörukerfið er þannig uppbyggt að í því er hægt að stofna vörur, vöruflokkar, eiginleika vöru, eiginleikaflokka.. Hér fyrir neðan munum við fara yfir það skref fyrir skref hvernig hver flokkur vinnur.

Stofnun Vöruflokkar

1. Byrjað er á því að velja Vörukerfi í stjórnborðinu.



2. Veljið Flokkar til að stofna vöruflokkar.



3. Veljið því næst Ný.



4. Nafn vöruflokks er settur í línuna Vöruflokkur: í Röðun er sett númer hvar í röðinni flokkur á að birtast. Því lægri tala því ofar birtist flokkurinn. Því er best að setja röðun 0 á þann flokk sem á að birtast efstur.

Main Meta-data

Vöruflokkur:

Röðun: Birta:

Yfirflokkur:

5. Til að birta vöruflokk er valið Já í Birta.

6. Því næst er valið Vista

Vista

Eiginleikaflokkar

Eiginleikaflokkar eru þeir flokkar (td. Stærð) sem eiginleikarnir (td. S, M, L, XL) eru settir í.

1. Byrjað er á því að velja Vörumerfi í stjórnborðinu.




2. Veljið Eiginleikafl. til að stofna eiginleikaflokk.



3. Veljið því næst Ný.



4. Hér stofnum við eiginleikaflokkinn Stærð með því að setja Stærð í Nafn



Main

Nafn:

Röðun:

5. Hægt er að setja inn röðun flokks, því hærri tala því neðar birtist flokkurinn. Eiginleikaflokkurinn sem á að birtast efst hefur þá röðun 0.

6. Næst er ýtt á Vista.



Eiginleikar

Þegar búið er að stofna eiginleikaflokk er næst farið í það að stofna eiginleika. Hægt er að setja marga eiginleika á vöru, svo sem lit eða stærð. (td. getur ein vara, Peysa, haft eiginleikana, S, M, L og líka Blá, Rauð, Hvít)

1. Byrjað er á því að velja Vörukerfi í stjórnborðinu.




2. Veljið Eiginleikar til að stofna eiginleikana.



3. Veljið því næst Ný.



4. Setjið inn upplýsingar í hvern flokk.



Main

Titill:

Flokkur: Aldur Verð:

Röðun: Sjálfgefið: Nei

5. Titill er eiginleikinn (td. S)
6. Flokkur er eiginleikaflokkurinn (td. Stærð)
7. Röðun birtir eiginleikana í þeirri röð, lægsta talan efst.
8. Ef sjálfgefið er valið "Já" fá allar nýjar vörur sjálfkrafa þennan eiginleika. Getur verið mjög þægilegt ef allar vörunar hafa eiginleikan (td. S) Þá er fljótlegra að velja sjálfgefið frekar en að merkja við hverja vöru að hún hafi eiginleikan S.
9. Næst er ýtt á Vista.

Skref 3-9 eru endurtekin til að stofna fleiri eiginleika.

Að setja vöru í vörukerfið

Nú er komið að því að setja vörur í vörukerfið ásamt upplýsingum um vöruna.

1. Byrjað er á því að velja Vörukerfi í stjórnborðinu.



2. Veljið Vörur til að setja inn vörur inn í vörukerfið.



3. Veljið því næst Ný.




4. Hægt er að tengja ljósmynd við vöru. Smellt er á Velja mynd. Þá opnast gluggi með öllum myndasöfnunum. Smellt á nafn myndasafnsins og svo á nafn myndarinnar.

Ljósmynd:

Velja mynd



Ath. að myndir þarf að hlaða inn gegnum myndakerfið áður en þær eru tengdar við vöru. Ef margar myndir eru setta við vöru þarf að velja eina sem forsíðumynd.

Ljósmynd: 

Titill:

Flokkur:

Verð: Eldra verð:

Vörunúmer: Sendingarkost.:

Röðun:

Upplýsingar:

Falleg peysa sem kemur á óvart.

Nánari upplýsingar:

Peysan hefur allt það sem þig langar í.

5. Titill vöru er settur inn.
6. Flokkur vöru er valinn (Ath. að stofna vöruflokka áður en vara er stofnuð)
7. Sett inn verð vöru (Ath. að setja ekki inn punkt eða kommu. Aðeins tölustafir leyfðir td. 3990)
Hægt er að setja inn eldra verð og þá birtist það á vefsíðunni yfirstrikað fyrir ofan verð vörunnar.
8. Hægt er að setja inn sendingarkostnað á vöru, þá verður sendingarkostnaðurinn reiknaður ef viðskiptavinur velur að senda vörunar.
9. Hægt er að setja inn vörunúmer vöru. Ef varan hefur ákveðið vörunúmer (td. P-028).
10. Vörunar raðast eftir röðun, því lægri tala því ofar birtist hún.
11. Upplýsingar um vöru eru settar inn.
12. Ef eiginleikar og eiginleikaflokkur hefur verið stofnað er hægt að haka við eiginleikana sem varan hefur (td. S, M, L í flokknum Stærð)

Eiginleikar:

Aldur	↕
Litur	↕
Stærð	↕

Vistað: 10.03.2010 kl.23.37:23

Vista

Birta

13. Hægt er að vista vöru en það þarf að birta vöru til að hún birtist á vefsíðunni.

Yfirlit yfir vörurnar.

1. Byrjið er á því að velja Vörukerfi í stjórnborðinu






2. Þá birtast allar vörurnar sem stofnaðar hafa verið.

Vörur	Flokkar	Eiginleikar	Eiginleikafl.		
Nr.:	Títl:	Flokkur:	Verð:	Vörunúmer	Möguleikar
2	Hettu peysa	Peysur	4990	P-024	 
4	Ný peysa	Peysur	0		  
3	Peysu bolur	Peysur	1990	P-001	 
1	Peysa	Peysur	3990	P-028	 

3. Hægt er að breyta vöru, eyða og birta hana ef hún er ekki í birtingu.



4. Til að birta vöru sem er ekki í birtingu er smelt á bláa hnöttinn í möguleikum hjá vörunni. 
5. Til að breyta vöru er smelt á skjalið með pennanum í möguleikum. 
6. Til að eyða vöru er smelt á rauða krossinn í möguleikum, staðfesta þarf að eyða eigi vörunni. 



7. Hægt er nota leitina til að leita að ákveðni vöru.

